




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

LITLI
TÓNSPROTINN

MAXI FER Á FJÖLL



6. OKTÓBER
2018

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 6. OKTÓBER KL. 14:00

Daníel Bjarnason *hljómsveitarstjóri*

Unnur Eggertsdóttir *sögumaður*

Hallfríður Ólafsdóttir *höfundur*

Þórarinn Már Baldursson *myndir*

MAXÍMÚS MÚSÍKÚS FER Á FJÖLL

Tryggvi M. Baldvinsson

Hátíðargjall fyrir einstaka mús

Jórunn Viðar

úr **Ólafi Liljurós**

Anna Þorvaldsdóttir

úr **Hrími**

Haukur Tómasson

úr **Storku**

Jón Ásgeirsson

Tröllaslagur

Gunnsteinn Ólafsson

Þýtur í stráum - Íslensk þjóðlög

Bára Grímsdóttir

Laumufarþegarnir

Daníel Bjarnason

úr **Collider**

Hallfríður Ólafsdóttir

Lagið hans Maxa



Listasmiðja, myndataka og áritun í Hörpuhorni

Fyrir og eftir tónleika gefst gestum kostur á að búa til kórónur með Maxa og félögum.

Eftir tónleikana gefst einnig kostur á að láta mynda sig með Maxa og sögumanni og höfundarnir árita nýútkomna bók með ævintýrinu.

MAXÍMÚS MÚSÍKÚS FER Á FJÖLL

Sagan gerist í september og fjallar um að tvær gestamýs koma til landsins og hitta Maxímús Músíkús. Þau skoða tónlistarhúsið og ferðast bæði um Reykjavík og út á land, sjá jökul og eldgos og fá sögur af lífinu í torfbæjum á Íslandi í gamla daga. Tröll og hagamýs koma einnig við sögu. Að lokum ákveður Maxímús að ferðast með vinum sínum til annarra landa. Maxi gleðst yfir því hvað hann er heppin mús, því að: „Hvar sem tónlist hljómar, þar verða allir gladdir.“



Bækurnar um Maxa hafa notið mikilla vinsælda, hlotið fjölda viðurkenninga og komið út á mörgum tungumálum. Sögumaður í nýja ævintýrinu um Maxa er leikkonan Unnur Eggertsdóttir en hún tók þátt í frumflutningi verksins undir stjórn Daníels Bjarnasonar í Los Angeles við mikið lof viðstaddra.

Verndari verkefnisins er Vladimir Ashkenazy, aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Verkið var pantað af Sinfóníuhljómsveit Íslands og Filharmóníusveit Los Angeles sem frumflutti verkið á Reykjavíkurbátinn sinni í Walt Disney-tónlistarhöllinni.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



Sinfóníuhljómsveit Íslands

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://twitter.com/sinfó)



Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Höfundur óþekktur

.....

Við skulum þreyja
þorrann og hana góu
og fram á miðjan einmánuð;
þá ber hún Grána.

Þjóðkvæði

.....

Bí, bí og blaka,
álftirnar kvaka,
ég læt sem ég sofi
en samt mun ég vaka.

Sveinbjörn Egilsson

LAGIÐ HANS MAXA

Maxímús Músíkús
fann sér skjól við feiknarstórt hús.
Inn svo læddist undurhljótt
svaf í holu sætt og rótt.
Maxi, Maxi, Maxi, Maxi mús
hugfanginn hann trítlar um tónlistarhús.
Maxímús Músíkús
músíkmús.

Strengjahljómur sykursætur
svífur inn í hjartarætur.
Hmmmmmmm ...

.....
Trommuslög og lipur lúðragjöll,
litlum músum vekja hlátrasköll.
Maxímús Músíkús
músíkmús.

Maxímús Músíkús
um tónlistina fróðleiksfús.
Að loknum leik við lófadyn
hneigir sig öll hljómsveitin.
Maxi, Maxi, Maxi, Maxi mús
hugfanginn hann trítlar um tónlistarhús
Maxímús Músíkús
músíkmús.

*Hallfríður Ólafsdóttir og
Þórarinn Már Baldursson*

LITLI TÓNSPROTINN Í VETUR

Lau. 15. des. og sun. 16. des. kl. 14:00/16:00

Jólatónleikar Sinfóníunnar



Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum verður skyggnst inn í íslensku baðstofuna þar sem gömlu jólasveinarnir og jólakötturinn hafa hreiðrað um sig. Valgerður Guðnadóttir og Kolbrún Völkudóttir flytja sígilda jólasöngva ásamt Stúlknakór Reykjavíkur og ungu listamönnum. Kynnir er trúðurinn Barbara og hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

Lau. 16. feb. kl. 14:00/16:00

Pétur og úlfurinn



Bernd Ogrodnik og brúðurnar hans gera söguna um Pétur og úlfinn ljóslifandi og eftirminnilega í barnvænni og fallegri uppfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Halldóru Geirharðsdóttur undir stjórn Maxime Tortelier. Bernd er einn fremsti brúðugerðarmeistari heims og hefur sýning hans á Pétri og úlfinum farið sigurför víða um lönd.


Lau. 4. maí kl. 14:00

Strákurinn og slikkerið



Strákurinn og slikkerið er nýtt tónlistarævintýri eftir Jóhann G. Jóhannsson sem byggt er á sögu eftir Roald Dahl. Í Stráknum og slikkerinu taka Brynhildur Guðjónsdóttir og Unnsteinn Manuel Stefánsson ásamt Stúlknakór Reykjavíkur höndum saman og hjálpast að við leysa vandamál og láta drauma rætast. Hljómsveitarstjóri er Noam Aviel.

NÝ ÆVINTÝRI MAXA



Sögurnar um Maxa hafa heillað unga sem aldna víða um heim

Hljóðbókin með sögunni og tónlistinni í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands fæst í streymi á forlagid.is

Hvar sem
tónlist hljómar,
þar verða
allir glaðir!



LANDSINS MESTA URVAL BÓKA